

# Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

---

## Fundargerð 4. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu miðvikudaginn 3. september 2014 kl. 10

### Dagskrá:

1. Úttekt á framkvæmd sóknaráætlana landshluta.
2. Lokauppgjör landshlutasamtaka vegna sóknaráætlana ársins 2013.
3. Næstu skref stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.
4. Önnur mál.

**Mættir:** Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Anna G. Björnsdóttir (í forföllum Karls Björnssonar, Sambandinu), Elvar Knútur Valsson (ANR), Heiður Björnsdóttir (VEL, kom kl. 11.15), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (UAR, kom kl. 10.40), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð 3. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

### Umfjöllun og afgreiðsla:

#### 1. Úttekt á framkvæmd sóknaráætlana landshluta

Anna Margrét Guðjónsdóttir ráðgjafi frá Evris kom á fundinn til að kynna niðurstöður úttektar á framkvæmd sóknaráætlana landshluta og skila lokaskýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Helstu niðurstöður höfðu áður verið kynntar stýrihópnum þann 21. ágúst og á samráðsfundi stýrihópsins 29. ágúst.

Í stuttu máli eru helstu niðurstöður þær að stofnun og starf stýrihópsins hafi tekist vel, að mikilvægum áföngum hafi verið náð í faglegri áætlanagerð landshluta, en að ekki hafi verið næg festa í starfinu og að fókusinn hafi færst yfir á einstök verkefni í stað samþættrar áætlanagerðar.

Anna Margrét yfirgaf fundinn kl. 11.00.

Hólmfríði falið að senda skýrsluna til landshlutasamtaka sveitarfélaga.

#### 2. Lokauppgjör landshlutasamtaka vegna sóknaráætlana ársins 2013

Samkvæmt samningum landshlutasamtaka og fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 22. mars 2013, skulu landshlutasamtökin skila greinargerðum um framkvæmd einstakra sóknaráætlunarverkefna og endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri vegna þeirra til stýrihópsins fyrir 1. september 2014. Upplýst var að fjögur af átta landshlutasamtökum hafa skilað gögnum og að von sé á gögnunum frá hinum fjórum á næstu dögum.

Torfi lagði til að stýrihópurinn feli Byggðastofnun að fara yfir greinargerðirnar og uppgjör og leggja mat á hvort ákvæði samninga séu uppfyllt. Fundarmenn tóku vel í þá tilögu og var hún samþykkt. Jafnframt var rætt að kostur væri að fá leiðbeiningar frá Byggðastofnun um hvað mætti mögulega betur fara, bæði almennt og hjá einstökum landshlutum, sem og að huga að rammaskilyrðum fyrir styrkhæfan kostnað sem styðjast mætti við fyrir næsta tímabil.

# Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

---

### 3. Næstu skref stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Umræður um næstu skref stýrihópsins á þeirri vegferð að móta ramma fyrir sóknaráætlanir landshluta 2015-2018. Rætt var um að fá fleiri að borðinu og þá ekki hvað síst skrifstofu menningarmála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ákveðið að Torfi og Þórarinn óski eftir fundi með Karítas H. Gunnarsdóttur, skrifstofstjóra.

Rætt var meðal annars um rammaskilyrði sem setja þarf, hlutverk samráðsvettvanga í landshlutunum, hvort binda eigi tiltekið fjármagn í samkeppnissjóðum, skiptareglur fjármagns og mikilvægi þess að gerður verði einn samningur við hvern landshluta sem náí til að minnsta kosti þriggja ára.

Ákveða þarf hvaða opinberu stefnur og áætlanir landshlutarnir eiga að taka mið af við gerð sóknaráætlunar. Í því sambandi var rætt um stefnu vísinda- og tækniráðs, jafnréttisstefnu og byggðaáætlun. Upplýst var að áætlað er að stöðugreiningar Byggðastofnunar fyrir landshlutana liggja fyrir í byrjun október, en þær stöðugreiningar munu liggja til grundvallar við gerð sóknaráætlana.

Rætt um mikilvægi þess að taka mið af þeim úttektum sem gerðar hafa verið á sóknaráætlunum, menningarsamningum og vaxtarsamningum og við mótun nýs fyrirkomulags.

Samþykkt að formaður hópsins leggi tillögu að fyrirkomulagi fyrir næsta fund stýrihópsins

### 4. Önnur mál

#### a) Landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra

Héðinn greindi frá starfi landshlutanefndar fyrir Norðurland vestra, en þriðji fundur nefndarinnar verður haldinn 4. september.

#### b) Ársfundir landshlutasamtaka sveitarfélaga

Hólmfríði falið að senda póst á framkvæmdastjóra landshlutasamtaka og minna á að fulltrúar stýrihópsins eru reiðubúnir til að koma á ársfundi landshlutasamtakanna, verði þess óskað.

#### c) Næsti fundur

Næsti fundur stýrihópsins var áður ákveðinn þriðjudaginn 16. september kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.